

**Miðsumarmót kæna**  
**15. júní 2019**  
**Siglingafélagið Ýmir**

## **TILKYNNING UM KEPPNI**

### **1 REGLUR**

**1.1** Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í Alþjóða kappsiglingareglum 2017-2020, kappsiglingafyrirmælum SÍL og kappsiglingafyrirmælum mótsins.

### **2 AUGLÝSINGAR**

**2.1** Auglýsingar verða leyfðar samkvæmt World Sailing reglugerð 20 um auglýsingar.

**2.2** Auglýsingar sem keppnishaldari útvegar kann að þurfa sýna á bátum eða búnaði.

### **3 HLOTGENGI OG ÞÁTTAKA**

**3.1** Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL. Stefnt er að keppni í eftirfarandi flokkum:

1. Optimist
2. Laser 4,7
3. Laser radial
4. Laser standard
5. Topper Topaz
6. Opnum flokki samkvæmt forgjöf frá SÍL

Verði þátttakendur í einhverjum flokki færri en fimm verður sá flokkur hluti af opnum flokki.

### **4 ÞÁTTTÖKUGJALD**

Þátttökugjald á hvern keppanda er kr. 2500. Innifalið er grill eftir keppni.

Gjaldið hækkar í kr. 3000 ef skráning berst eftir kl. 21:00 þann 11. júní. Gjald greiðist inn á reikning: 536 - 26- 6634 Kt.: 470576-0659

Senda skal staðfestingu á greiðslu á [keppni@siglingafelag.is](mailto:keppni@siglingafelag.is)

### **5 SKRÁNING**

Skráning skal berast til keppnisstjórnar fyrir kl. 21:00 þriðjudaginn 11. júní með tölvupósti á [keppni@siglingafelag.is](mailto:keppni@siglingafelag.is)

Taka þarf nafn keppanda, kennitölu, seglanúmer, bátstegund, félag sem keppt er fyrir og

símanúmer keppanda. Ef keppandi er undir 18 ára þarf nafn og símanúmer foreldris/ forráðamanns að fylgja með.

### **6 TÍMAÁÆTLUN**

11. júní

Skráningafrestur rennur út 21:00

15.júní

Skipstjórafundur kl. 9:00

Viðvörunarmerki fyrir fyrstu keppni kl. 10:25 Ekki verður ræst eftir kl. 15:00

Afhending verðlauna og grill fyrir þátttakendur verður að lokinni síðustu umferð.

### **7 KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI**

Kappsiglingafyrirmælin verða afhent fyrir skipstjórafund og verða birt á tilkynningartöflu á mótsstað.

### **8 KEPPNISSVÆÐI**

Keppt verður á Skerjafirði og innfjörðum hans.

## **9 KEPPNISBRAUTIR**

Brautum verður nánar lýst í kappsiglingafyrirmælum eða á skipstjórnarfundi.

## **10 STIGAGJÖF**

Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóðakappsiglingafyrirmælum. Ef kepptar verða þrjár eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni lökustu keppni.

## **11 FJARSKIPTI**

Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki eru aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum.

Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma.

Keppnisstjórn notar rás 6 til samskipta.

## **12 VERÐLAUN**

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokki.

## **13 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR**

Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4 í Alþjóðakappsiglingafyrirmælum, ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda, líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við, fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.

## **14 ÖRYGGIS- OG GÆSLUBÁTAR**

Óskað er eftir því að siglingaklúbbbar sem senda börn yngri en 18 ára leggi til að minnsta kosti einn öryggisbát. Öryggis- og gæslubátar skulu halda sig í hæfilegri fjarlægð frá keppendum á tilteknu svæði og mega ekki hafa samskipti við keppendur á meðan á keppni stendur nema í neyðartilvikum.

Tilkynnt verður á skipstjórafundi hvar öryggis- og gæslubátar eiga að vera meðan keppni stendur.

## **14 FREKARI UPPLÝSINGAR**

Frekari upplýsingar fást hjá keppnisstjórn, Aðalsteinn Jens Loftsson, í síma 693 2221 eða með tölvupósti á [keppni@siglingafelag.is](mailto:keppni@siglingafelag.is)